

Vegna bréfs frá Kópavogsbæ þann 12. desember 2022 - 22114856/510.03 GGG þar sem kynntar eru fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir að Digranesvegi 72a.

Vilja undirrituð benda á og gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Gluggar á austurhlið Digranesvegar 72a yrðu meiriháttar útlitsbreyting frá því sem er en austurhliðin er gluggalaus vegna nálægðar við húsið okkar á 72. Brunaöryggi yrði einnig ábótavant við þessa breytingu. Teikningu arkitekts er því mótmælt.
2. Lóðamarka hæðarlína er á milli húsana 72 og 72a. Ef fyrirhugaðar breytingar eiga sér stað er verið að færa lóðarlínuna niður um u.þ.b. 1 m. Við erum með gangstíg okkar megin sem er miðaður við hæðarlínuna á lóðamörkum. Þessu viljum við halda óbreyttu þ.e. að hæðarlína lóðamarka haldi sér óbreytt. Breytingunni er því mótmælt þar sem ekki er boðið uppá neina lausn á teikningunni sem fylgir umsókninni.
3. Uppgröftur vegna byggingarinnar er umtalsverður og mun hafa áhrif á lóð okkar. Þegar grafið er fyrir byggingunni yrði gröfturinn (skurðurinn) með 45° halla frá botni upp á bakka þannig að ekki hrynji jarðvegur. Þetta gerir það að verkum að gröfturinn færi langt inn á okkar lóð. Þessu er mótmælt
4. Ranglega er farið með að breidd lóðarinnar sé 208 cm frá 72a í austur að lóðamörkum no. 72 samkvæmt hugmyndum hönnuðar. Þarna er mæling ekki í samræmi við mælingu Kópsvogsbæjar sem fram fór dags 24.05.22 og voru hælir þá settir niður á milli húsana. Frá austurútvægg 72a að hæl eru 188 cm en 194-196 cm frá hæl að steiptum vegg á 72a. Þetta eru því ekki 208 cm eins og kemur fram á teikningu frá Huldu Jónsdóttur arkitekt. Þessu fyrirkomulagi er því einnig mótmælt sem og öðru áður nefndu.

Virðingarfyllt,

Rebekka Cordova og Jakob Ásmundsson, íbúar að Digranesvegi 72, 200 Kópavogi.